

1 Gildissvæði.

- 1.1 Við slys sem fellur undir samninginn í utanlandsferð greiðum við viðbótarbætur.
- 1.2 Utanlandsferðir teljast ferðir utan Sambandslýðveldisins Þýskalands. Viðbótarbæturnar gilda ekki í löndum þar sem hinn tryggði á lögheimili sitt eða býr að staðaldri.
- 1.3 Einstaklingarnir sem tilgreindir eru á UnfallCard þínu geta krafist bótanna; töluliður 4 gildir ekki fyrir börn sem eru með á ferð.

2 Hjálparþjónusta.

- 2.1 Við erum reiðubúin til símaþjónustu við neyðarsíma okkar 24 stundir á dag 365 daga á ári. Í læknisfræðilegum efnum fáum við ráð hjá samstarfshópi lækna.
- 2.2 Hjálparþjónusta í þessum skilningi er:
- 2.2.1 Ef óskað er látum við aðstandendur vita. Ef um mjög alvarlegt slys er að ræða hringjum við eftir umsögn læknis eða hjúkrunarfólks í símanúmerin á Unfall-Card þínu. Ef skráningu vantar reynum við að finna aðstandendur á annan hátt.
- 2.2.2 Við gefum ráð um hvar best sé að koma hinum slasaða á sjúkrahús. Þá tilgreinum við næsta sjúkrahús sem hentar. Við gefum upplýsingar um hjúkrunarflokka og kostnað við þá. Ef nauðsyn krefur höfum við samband við sjúkrahúsið og ræðum um aðstöðuna sem hinn slasaði óskar eftir.
- 2.2.3 Við sjúkrahúsmeðferð höfum við samband við lækinn, sem annast hinn slasaða, og fáum upplýsingar um afleiðingar slyssins, áætlaða meðferð og batahorfur. Við upplýsum hinn slasaða á móðurmáli hans.
- 2.2.4 Ef læknisfræðileg nauðsyn krefur að okkar dómi skipuleggjum við sjúkraflutning til sjúkrahúss í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Eftir samráð við lækinn, sem annast hinn slasaða, veljum við farartæki, tókum ákvörðun um hugsanlega fylgdarmenn og ákveðum áfangastað og tíma heimflutningsins.
- 2.2.5 Ef skilríki tynast eða ef krafist er trygginga svo brottförin geti átt sér stað veitum við aðstoð við að leggja fram tryggingu og við að útvega ný skilríki og tilnefnum, ef mögulegt er, þýsku- eða enskumælandi lögmenn.

3. Aukalegar peningagreiðslur.

Í bótamáli samkvæmt tölulið 1 greiðum við:

- 3.1 Aukalegan nauðsynlegan heimferðar- og/eða gistingarkostnað fyrir ólögráða börn sem eru með í ferðinni og félagann sem er með í ferðinni.
- 3.2 Við sjúkrahúsdvöl erlendis vegna slyssins í minnst 10 daga kostnað við ferð einstaklings, sem stendur nærri hinum tryggða, á staðinn og gistingu þar.
- 3.3 Við greiðum ferðakostnað fyrir
- lestarferðir á 2. farrými;
 - flugferð á almennu-farrými ef lestarferð tæki meira en tíu klukkustundir;
 - ferðir með öðrum almenningsfarartækjum.

3.4 Við greiðum gistingarkostnað samkvæmt tölulið 3.2 allt að 60 EUR fyrir hvern dag sjúkrahúsmeðferðarinnar, lengst þó fyrir 2 vikur.

4 Hækkun tryggingarupphæða slysstryggingarinnar.

4.1 Við slys í útlöndum gildir tryggingarupphæð hækkuð um 5000 EUR fyrir greiðslur vegna BB skilamála um björgunarkostnað.

4.2 Meðtryggðir sjúkrahúsdagpeningar gilda sem tvöfaldir við lækningameðferð á sjúkrahúsi erlendis; þeir nema – í heild ef samningar eru fleiri en einn – minnst 30 EUR fyrir 1.-3. dag og minnst 60 EUR frá 4. degi.

5 Ráðgjöf í læknisfræðilegum efnum.

Fyrir utanlandsferðina getur þú sótt til okkar ráð læknis um búnað ferðaapóteks og upplýsingar um æskilegar ónæmisaðgerðir.

6 Yfirtökuskylda fyrir greiðslur úr slysstryggingunni.

Ef við innum af hendi greiðslur samkvæmt töluliðum 2, 3 eða 4 tengist því ekki viðurkenning á yfirtökuskyldu okkar fyrir frekari greiðslur. Úrslitum um það ráða skilyrði Allianz AUB/Allianz AB fyrir hverja greiðslutegund fyrir sig.

Fjölskyldubætur.

3.1 Tegund og forsendur greiðslu.

3.1.1 Á gildistíma samningsins bjóðum við tryggingarvernd fyrir þá sem bætast í fjölskyldu hins tryggða, sem sagt maka og eigin börn, á tímabili sem nemur þremur mánuðum í senn frá giftingu eða fæðingu.

3.1.2 Ef þú tilkynnir okkur um giftinguna eða fæðinguna innan þriggja mánaða tímabilsins framlengist tryggingarverndin fyrir nýja fjölskyldumeðlimi um þrjá mánuði fyrir maka og um níu mánuði fyrir börn.

3.1.3 Fyrir tryggingarvernd fjölskyldubóta gilda ákvæði Allianz AUB 2000; töluliður 2.1.2.3 (fimmfaldar örorkubætur) gildir ekki.

3.2. Hæð greiðslu.

3.2.1 Tryggingarupphæðir fyrir fjölskyldubætur fyrir hvern einstakling sem bætist við nema 60.000 EUR fyrir örorku og 12.000 EUR við fráfall maka og 6.000 EUR við fráfall barns.

Björgunarkostnaður.

- 2.1. Tegund greiðslu.
- 2.1.1 Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær.
Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfirvofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.
- 2.1.2 Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum læknis á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.
- 2.1.3 Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum læknis eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.
- 2.1.4 Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.
- 2.2 Hæð greiðslu.
- 2.2.1 Hæð greiðslna er samtals takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu.
- 2.2.2 Ef annar bótaskyldur aðili kemur til bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.
-

Örorkutafla

Við missi eða algjöra óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar?

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er kveðið á um annað.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.
